

Miðvikudaginn 25. mars 1998.

Nr. 71/1998.

Kattavinafélag Íslands

(Ásgeir Magnússon hrl.)

gegn

dánarbúi Sigríðar Lárusdóttur

(Hlöðver Kjartansson hdl.)

Kærumál. Dánarbússkipti. Erfðaskrá. Gjafsókn.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Markús Sigurbjörnsson, Arnljótur Björnsson og Gunnlaugur Claessen.

Sóknaraðili skaut málinu til Hæstaréttar með kæru 2. febrúar 1998, sem barst réttinum ásamt kærumálgögnum 16. sama mánaðar. Kærður er úrskurður Héraðsdóms Norðurlands vestra 23. janúar 1998, þar sem hafnað var kröfu sóknaraðila um arf úr dánarbúi Elísabetar Ragnheiðar Lárusdóttur á grundvelli erfðaskrár hennar frá 10. september 1982. Kæruheimild er í 133. gr. laga nr. 20/1991 um skipti á dánarbúum o. fl. Sóknaraðili krefst þess, að 2. gr. erfðaskrárinnar verði skýrð og framkvæmd þannig, að hann eigi að taka að arfi allar eigur dánarbúsins að frádregnum útfararkostnaði samkvæmt því, sem nánar segir í 1. gr. hennar. Þá krefst sóknaraðili málskostnaðar í héraði og kærumálskostnaðar.

Varnaraðili kærði úrskurð héraðsdóms fyrir sitt leyti 9. febrúar 1998. Hann krefst þess aðallega, að úrskurður héraðsdómara verði staðfestur um annað en málskostnað, en til vara, að varnaraðili taki að arfi allar aðrar eigur dánarbúsins en 485.664 krónur, sem komi í hlut sóknaraðila. Í báðum tilvikum krefst varnaraðili málskostnaðar í héraði og kærumálskostnaðar án tillits til gjafsóknar, sem honum var veitt í héraði 14. júlí 1997 og fyrir Hæstarétti 20. febrúar 1998.

I.

Elísabet Ragnheiður Lárusdóttir fæddist 26. mars 1906. Hún lést 10. júlí 1996 og átti síðast heimili að Hvannatúni á Blönduósi. Dánarbú hennar var tekið til opinberra skipta 20. september 1996 samkvæmt kröfu sýslumannsins á Blönduósi.

Málsaðilar hafa báðir krafist arfs úr dánarbúinu. Krafa varnaraðila er reist á því, að Sigríður Lárusdóttir hafi sem systir Elísabetar

verið einkalögerfingi eftir hana. Sigríður hafi látist 6. október 1996 og arfskrafan þá færst í hendur varnaraðila. Sóknaraðili reisir hins vegar kröfu sína um arf á fyrrnefndri erfðaskrá, sem hljóðar svo:

„Ég undirrituð, Elísabet Ragnheiður Lárusdóttir, nú til heimilis að Hvannatúni, Blönduóshreppi, fædd 26. mars 1906, sem á enga skylduerfingja, geri hér með eftirfarandi ráðstöfun eigna minna eftir minn dag.

1. gr.

Auk venjulegs útfararkostnaðar skal taka af eignum mínum óskiptum svo mikið fé sem þarf til þess að gera leiði mitt vel úr garði. Setja skal trékassa utan um kistuna og lok yfir svo og trékross á leiðið með nafni mínu, fæðingardag og dánardag.

2. gr.

Kattavinafélagið, Akureyri, skal erfa allar eigur mínar óskiptar að frádregnu því, er fram kemur í 1. grein, og skal arfurinn vera í minningu Sigurlaugar Lárusdóttur, systur minnar, og allra kattanna okkar systra. Ef Kattavinafélagið, Akureyri, verður lagt niður, skal Kattavinafélag Reykjavíkur njóta arfsins með sama hætti.

3. gr.

Skiptaráðandinn í Húnavatnssýslu skal að öllu leyti sjá um skiptin á dánarbúi mínu í samræmi við erfðaskrá þessa, sem ég undirrita í hans viðurvist. Skal erfðaskráin færð inn í notarialbók Húnavatnssýslu.“

Fram lagt ljósrit af erfðaskránni ber með sér undirskrift arfleidandans svo og, að erfðaskráin hafi verið undirrituð á Blönduósi 10. september 1982. Á ljósrítnu má jafnframt sjá áritun sýslumanns í Húnavatnssýslu um, að erfðaskráin hafi verið færð í notarialbók sama dag. Í málinu liggur fyrir staðfest ljósrit úr þeirri bók, þar sem texti erfðaskrárinnar hefur verið færður frá orði til orðs. Framan við textann segir þetta: „Ár 1982, föstudaginn 10. sept. kl. 11.35, tók notarius publicus í Húnavatnssýslu fyrir í skrifstofu sýslunnar eftir beiðni Elísabetar Lárusdóttur, Hvannatúni, Blönduósi, að innfæra svofellða erfðaskrá.“ Aftan við textann er síðan svofellt vottorð:

„Það vottast notarialiter, að Elísabet Ragnheiður Lárusdóttir,

Hvannatúni, Blönduósi, undirritaði framanritaða erfðaskrá í minni viðurvist. Var hún þá allsgáð og við fulla líkamlega og andlega heilsu, að því að best varð séð.

Þannig fram farið.
 Fleira ekki tekið fyrir.
 Jón Ísberg.“

Við opinber skipti á dánarbúi Elísabetar reis ágreiningur á milli málsaðila um arfskröfur þeirra, en aðrir en sóknaraðili hafa ekki kallað til arfs á grundvelli fyrrgreindrar erfðaskrár. Skiptastjóri í dánarbúinu vísaði ágreiningnum til dómstóla, og er hann til úrlausnar í þessu máli.

Röksemdum málsaðila fyrir kröfum þeirra er lýst í hinum kærða úrskurði.

II.

Samkvæmt 1. mgr. 43. gr., sbr. 2. mgr. 42. gr. erfðalaga nr. 8/1962, ber meðal annars að geta þess í vottorði lögbókanda um staðfestingu erfðaskrár, hvort arfleiddandi hafi verið svo heill heilsu andlega, að hann hafi verið hæfur til að gera erfðaskrá. Framangreind ummæli um andlega heilsu Elísabetar Ragnheiðar Lárusdóttur, sem greindi í vottorði í notarialbók um staðfestingu erfðaskrár hennar, eru ekki bókstaflega í samræmi við þennan áskilnað. Annars vegar skortir þar, á að lýst hafi verið, að Elísabet hafi verið svo við fulla andlega heilsu, að hún hafi verið hæf til að gera erfðaskrá. Hins vegar er bætt við yfirlýsinguna um andlega heilsu orðunum „að því að best varð séð“. Um fyrrnefnda atriðið verður að líta til þess, að það leiðir af sjálfu sér, að ummæli í vottorðinu um andlega heilsu Elísabetar hljóta að varða hæfi hennar samkvæmt 2. mgr. 34. gr. erfðalaga til að standa að erfðaskrá, enda var vottorðið gefið í tengslum við slíka ráðstöfun, og hefðu ummælin því ekki getað gegnt öðru sýnilegu hlutverki, svo sem þau voru fram sett. Síðarnefnda atriðið getur ekki rýrt gildi vottorðsins, enda hlýtur staðfesting lögbókanda á andlegri heilbrigði arfleiddanda að öðru jöfnu að vera háð sjálfgefnum fyrirvara um, að betur sjái lögbókandi ekki, hvort sem þess fyrirvara er getið berum orðum eða ekki. Í vitna-skýrslu Jóns Ísberg, fyrrverandi sýslumanns, fyrir héraðsdómi kom oftsinnis fram, að orðalag í vottorði hans um staðfestingu erfða-

skrár Elísabetar hefði verið eins og staðlað orðalag í öðrum hliðstæðum vottorðum hans. Þessum framburði hefur varnaraðili ekki hnekkt. Að gættu þessu öllu er ekki næg ástæða til að líta svo á, að slíkir annmarkar hafi verið á vottorði sýslumannsins um staðfestingu á erfðaskrá Elísabetar, að það verði talið ófullnægjandi til sönnunar um andlega heilbrigði hennar. Hefur því vottorðið að þessu leyti það sönnunargildi, sem um ræðir í 1. mgr. 46. gr. erfðalaga, sbr. 3. mgr. 71. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála.

III.

Varnaraðili vefengir erfðaskrá Elísabetar Ragnheiðar Lárusdóttur með vísan til þess, að hún hafi ekki verið svo heil heilsu andlega 10. september 1982, að hún hafi verið fær um að gera þá ráðstöfun á skynsamlegan hátt. Vegna þess, sem að framan greinir, verður varnaraðili að bera sönnunarbyrði fyrir þessari staðhæfingu.

Í hinum kærða úrskurði er greint frá helstu efnisatriðunum í vitnaskýrslu Sigursteins Guðmundssonar lækni fyrir héraðsdómi. Meðal annars kvað hann það koma fram í gögnum héraðssjúkrahússins á Blönduósi, að Elísabet hefði verið taugaveikluð. Taldi hann þau ummæli skírskota til þess, sem sér hefði verið kunnugt um af eigin raun, að Elísabet hefði verið ákaflega sérlynd, sett út á eitt-hvað í fari flestra og verið haldin ranghugmyndum. Taldi hann framkomu hennar þess eðlis, að hann hefði getað ímyndað sér, að hún hefði verið haldin geðklofa. Aðspurður um, hvernig það hefði horft við honum sem lækni að votta, hvort Elísabet hefði verið fær um að gera erfðaskrá með skynsamlegum hætti í september 1982, sagði Sigursteinn eftirfarandi: „Þetta er nú kannski erfitt að segja. Hún var mikið ein, eftir að hún missti systur sína, og hafði náttúrlega þessi dýr í kringum sig. Það má segja, að hún hafi vitað, hvað hún hafi verið að gera, en hennar hugsun hefur kannski verið öðruvísi en margra annarra, og ég get ekki sagt um það, að hún hafi ekki vitað, hvað hún var að gera. Það er erfitt fyrir mig að tjá mig um það.“ Þá sagði Sigursteinn jafnframt: „Þetta er voða skritin ráðstöfun, myndi ég segja, en að hún hafi ekki verið með fullu viti, hvað hún var að gera, það get ég ekki alveg fullyrt um.“ Síðar í skýrslunni kvaðst Sigursteinn telja víst, að geðræn vandamál Elísabetar

hefðu haft mótandi áhrif á efni erfðaskrárinnar, svo og, að hann hefði ekki treyst sér án rannsóknar geðlæknis til að votta, að hún hefði verið fær um að gera erfðaskrá.

Í vitnaskýrslu Jóns Ísberg, sem staðfesti, eins og áður greinir, erfðaskrá Elísabetar, kom fram, að hann hefði þekkt hana vel. Hann kvað hana hafa verið við gerð erfðaskrárinnar „bara eins og hún var venjulega“, en nánar spurður skýrði hann þetta svo, að hún hefði verið gömul piparmey og ekki alltaf í góðu skapi. Jón kvað hana hafa „alveg örugglega“ vitað, hvað hún var að gera með erfðaskránni, hann hefði bent henni á áhrif gerningsins og hún skilið það „eins og maður telur, að heilbrigður maður skilji“. Elísabet hefði síður en svo komið sér fyrir sjónir eins og hún væri andlega vanheil. Jón svaraði spurningu um, hvort vottorð hans á erfðaskrá Elísabetar hefði falið í sér staðfestingu á því, að hún hefði verið fær um að arfleiða á skynsamlegan hátt, með eftirfarandi orðum: „Hvað er skynsamlegt? Frá mínu sjónarmiði var það óskynsamlegt að láta kettina hafa það eða kattavinafélagið, og ég benti henni á það. En ég ætlaði ekki að taka fram fyrir hendurnar á henni. Ég vissi, hvernig hún var stemmd. Hún elskaði þessi kvikindi, og við því var ekkert að segja.“

Eggert Egill Guðmundsson, sem var annar notarialvotta við staðfestingu erfðaskrár Elísabetar, sagðist í vitnaskýrslu hafa ritað erfðaskrána að ósk hennar. Hann kvaðst ekki geta annað sagt en að hún hafi virst vita, hvað hún var að gera, hún hefði verið ákaflega sérstök og sjálfstæð, ákveðin og vissi, hvað hún vildi. Hann kvaðst telja mjög líklegt, að hún hefði fyllilega gert sér grein fyrir því, hvað fólst í erfðaskránni.

Fyrrgreindur framburður Sigursteins Guðmundssonar læknis beinist ekki gagnert að andlegri heilsu Elísabetar á þeim tíma, sem hún gerði erfðaskrá sína. Virðast ekki vera tiltæk nein læknisfræðileg gögn um það efni. Orð læknisins verða ekki skilin svo, að hann hafi í framburði sínum látið uppi afdráttarlaust álit um almennt andlegt ástand Elísabetar. Vitni, sem gáfu skýrslu fyrir héraðsdómi, önnur en Jón Ísberg og Eggert Egill Guðmundsson, lýstu ekki sérstaklega aðstæðum eða heilsufari Elísabetar á þeim tíma, sem hún gerði erfðaskrána. Af vitnisburði Jóns og Eggerts er ljóst, að þeir hafa verið í litlum eða engum vafa um, að Elísabet hafi gert sér

fulla grein fyrir efni og afleiðingum ráðstöfunar sinnar. Að öllu þessu athuguðu er ekki unnt að líta svo á, að kröfur varnaraðila fái sérstakan stuðning í framburði vitna.

Af gögnum málsins er ljóst, að arfleiðandanum var einstaklega hlýtt til katta. Þegar þeirrar afstöðu hennar er gætt, getur ráðstöfun hennar á arfi ekki talist svo óskynsamleg, að einhverju varði við mat á andlegu hæfi hennar til að gera erfðaskrána.

Að öðru leyti en að framan greinir, hefur varnaraðili ekki fært fram haldbær rök til stuðnings því, að Elísabet hafi ekki verið þannig á sig komin, sem um ræðir í 2. mgr. 34. gr. erfðalaga, þegar hún gerði erfðaskrá sína 10. september 1982. Samkvæmt öllu framangreindu telst því varnaraðili ekki hafa hnekkt þeirri sönnun fyrir andlegu hæfi Elísabetar, sem felst í vottorði lögbókanda um staðfestingu erfðaskrár hennar. Verða kröfur varnaraðila þannig ekki teknar til greina á þessum grunni.

IV.

Í málinu er óumdeilt, að hvorki er né hefur verið til „Kattavinafélagið, Akureyri“ né „Kattavinafélag Reykjavíkur“, sem Elísabet Ragnheiður Lárusdóttir tilnefndi til arfs í 2. gr. erfðaskrár sinnar. Í vitnaskýrslum Jóns Ísberg og Eggerts Egils Guðmundssonar fyrir héraðsdómi kom fram, að við gerð erfðaskrárinnar hefði ekkert borist í tal um tilvist félaga með þessum heitum, enda hefðu þeir gefið sér, að Elísabet væri þessu kunnug. Hvorki hefur með framburði annarra vitna né öðrum gögnum verið varpað ljósi á ástæðu þess, að Elísabet hafi tilnefnt erfingja með þessum hætti. Er því ekki önnur skýring tæk en þetta hafi gerst fyrir mistök hennar.

Af framburði vitnisins Jóns Ísberg fyrir héraðsdómi má telja sýnt, að Elísabet hljóti að hafa vitað, að ráðstöfun arfs með þeim hætti, sem um ræddi í erfðaskrá hennar, yrði til þess að útiloka, að skyldmenni hennar tækju arf á grundvelli lögerfðareglna. Með því að tilnefna annað fyrrnefnda félagið aðallega til arfs, en hitt til vara, verður að ætla, að Elísabet hafi lagt sérstaka áherslu á, að eignir hennar gengju að henni látinni til starfsemi kattavina, en ekki til lögerfingja. Þótt félagsskapur sóknaraðila hafi verið til, þegar Elísabet gerði erfðaskrána, gefa gögn málsins ekki tilefni til að draga sér-

stakar ályktanir af því, að hans hafi þar ekki verið getið sem erfingja, eftir atvikum að öðrum kostum frágengnum. Óumdeilt er, að sóknaraðili er eina félagið hér á landi, sem hafi verið kennt í heiti sínu við kattavini. Er ekki hald í röksemdum, sem varnaraðili hefur fært fyrir þeirri staðhæfingu, að sóknaraðili geti ekki með réttu staðið undir heiti sínu. Þegar litið er til þessara atriða ásamt því, sem fram kemur að öðru leyti í gögnum málsins um afstöðu Elísabetar til katta og vilja hennar til, að þeir nytu góðs af eignum hennar að henni látinni, verður að telja fullnægt skilyrðum 2. mgr. 37. gr. erfðalaga til þess að láta erfðaskrána koma þannig til framkvæmda, að sóknaraðili standi til arfs í stað þeirra tveggja félaga, sem getið er í 2. gr. hennar. Samkvæmt þessu verður hafnað aðalkröfu varnaraðila.

V.

Varakrafa varnaraðila er reist á því, að Elísabet Ragnheiður Lárusdóttir hafi við gerð erfðaskrár sinnar átt innstæðu á banka-reikningum, sem megi áætla að teknu tilliti til síðar áfallinna vaxta og verðbóta, að svari til 3,6 hundradshluta innstæðna við lokun reikninga eftir andlát hennar, en þær hafi numið 13.466.470 krónum. Hafi þessar eignir Elísabetar þannig aukist um sem svarar 12.980.806 krónum eftir gerð erfðaskrárinnar, og standi ekki rök til þess, að sóknaraðili njóti góðs af því.

Í 2. gr. erfðaskrár Elísabetar var mælt fyrir um ráðstöfun á öllum öðrum eignum hennar en þeim, sem verja yrði til greiðslu kostnaðar af útför og legstað. Varakrafa varnaraðila á sér enga stoð í orðum erfðaskrárinnar eða þeim reglum, sem viðtekið er að beita við skýringu erfðaskrár, þegar atvikum er háttað eins og hér um ræðir. Eru því ekki efni til að verða við þessari kröfu.

Samkvæmt þessu verður fallist á kröfu sóknaraðila um, að hann taki arf eftir 2. gr. erfðaskrár Elísabetar Ragnheiðar Lárusdóttur frá 10. september 1982.

Rétt þykir, að hvor aðili beri sinn kostnað af málinu í héraði og fyrir Hæstarétti, en um gjafsóknarkostnað varnaraðila á báðum dómstigum fer samkvæmt því, sem í dómsorði segir.

D ó m s o r ð:

Sóknaraðili, Kattavinafélag Íslands, skal taka arf samkvæmt 2. gr. erfðaskrár Elísabetar Ragnheiðar Lárusdóttur frá 10. september 1982.

Málskostnaður í héraði og kærumálskostnaður fellur niður.

Gjafsóknarkostnaður varnaraðila, dánarbús Sigríðar Lárusdóttur, greiðist úr ríkissjóði, þar með talin þóknun lögmanns hans fyrir flutning málsins í héraði og fyrir Hæstarétti, samtals 500.000 krónur.

Úrskurður Héraðsdóms Norðurlands vestra 23. janúar 1998.

I.

Mál þetta var tekið til úrskurðar að loknum munnlegum flutningi 28. nóvember sl.

Sóknaraðili er Kattavinafélag Íslands, kt. 550378-0199, Stangarhyl 2, Reykjavík.

Varnaraðili er dánarbú Sigríðar Lárusdóttur, kt. 170708-3859, síðast til heimilis að Mánabraut 19, Kópavogi.

Dómkröfur sóknaraðila eru þær, að ákvæði í 2. gr. erfðaskrár Elísabetar Ragnheiðar Lárusdóttur, kt. 060306-3329, frá 10. september 1982, en hún lést 10. júlí 1996, verði skýrt og framkvæmt á þann veg, að sóknaraðili skuli erfa allar eigur hennar óskiptar að frádregnu því, er fram kemur í 1. gr. erfðaskrárinnar, og að skiptastjóra dánarbúsins skuli skylt að taka fullt tillit til erfðaskrárinnar þannig skýrðrar, sem hún væri fullgild erfðaskrá við skipti búsins. Jafnframt er krafist málskostnaðar að skaðlausu skv. fram lögðum málskostnaðarreikningi, er miðast við gjaldskrá Lögmannsstofu Ásgeirs Magnússonar sf., og virðisaukaskatts á málflytninguþóknun.

Dómkröfur varnaraðila.

Varnaraðili krefst þess aðallega, að ákvæði 2. gr. erfðaskrár arfleifanda, Elísabetar Lárusdóttur, verði dæmt ógilt og óvirkt og dómkröfum sóknaraðila verði hafnað.

Til vara krefst hann þess, að varnaraðila verði dæmdur aukningarréttur vegna þeirra verðmæta, sem bættust í bú arfleifanda eftir gerð erfðaskrárinnar, og sóknaraðili hljóti arf af nettó eignum dánarbúsins, samtals 485.664 krónum, en varnaraðili njóti arfsins að öðru leyti.

Varnaraðili krefst einnig málskostnaðar úr hendi sóknaraðila samkvæmt fram lögðum málskostnaðarreikningi og að virðisaukaskattur leggist á málflytninguþóknun. Loks er þess krafist, að málskostnaður verði dæmdur varnaraðila sem gjafsóknarhafa, eins og málið væri eigi gjafsóknarmál.

Málavextir.

10. júlí 1996 lést Elísabet Ragnheiður Lárusdóttir, síðast til heimilis að Hvannatúni á Blönduósi. Hún var ógift og barnlaus og átti enga skylduerfingja. Hin látna átti tvær systur og einn bróður. Bróðir arfleifanda og önnur systir létust á undan henni án afkomenda. Sigríður, systir arfleifanda, lést 6. október 1996 og lét eftir sig eina dóttur, Guðrúnu Runólfsdóttur, sem hefur fengið leyfi sýslumannsins í Kópavogi til einkaskipta á dánarbúi móður sinnar.

Með úrskurði dómsins frá 20. september 1996 var dánarbúi Elísabetar Ragnheiðar Lárusdóttur að kröfu sýslumannsins á Blönduósi tekið til opinberra skipta. Var Brynjar Níelsson hdl. skipaður skiptastjóri. Með bréfi, dagsettu 19. mars 1997, vísaði hann ágreiningi um skiptin til dómsins. Í bréfinu kemur fram, að sóknaraðili hafi lýst kröfu í búið á grundvelli erfðaskrár, en af hálfu lögerfingja hafi þeirri kröfu verið andmælt. Að loknum kröfulýsingarfresti hafi á skiptafundi verið lögð fram skrá yfir lýstar kröfur. Í skránni hafi komið fram, að kröfu sóknaraðila hafi verið hafnað, enda hafi engin gögn stutt kröfuna. Á skiptafundi 19. mars hafi síðan legið fyrir, að ágreiningur milli aðila yrði ekki jafnaður, og því sé úrlausnar héraðsdóms nú krafist. Við skiptin kom í ljós, að arfleifandi átti verulega peningainneign hjá Kaupfélagi Eyfirðinga. Inneign þessi hafði vaxið verulega á síðustu árum, úr rúmum 300.000 krónum í árslok 1982 í rúmar 14.000.000 króna samkvæmt skattframtali vegna ársins 1996, gerðu af skiptastjóra. Skiptastjóri afhenti Blönduósbæ fasteignina Hvannatún til niðurrifs, þar sem hún var talin einskis virði.

Erfðaskrá sú, sem hin látna lét eftir sig, er í þremur greinum. Í þriðju grein sagði, að skiptaráðandinn í Húnavatnssýslu ætti að sjá um skiptin á dánarbúi hennar. Í 1. gr. erfðaskrárinnar eru fyrirmæli um, hvernig skuli staðið að frágangi á leiði arfláta, auk ákvæðis um greiðslu á venjulegum útfararkostnaði. Í 2. gr. er hið umdeilda ákvæði, sem hljóðar svo: „Kattavinafélagið, Akureyri, skal erfa allar eigur mínar óskiptar að frádregnu því, sem fram kemur í 1. grein, og skal arfurinn vera í minningu Sigurlaugar Lárusdóttur, systur minnar, og allra kattanna okkar systra. Ef Kattavinafélagið, Akureyri, verður lagt niður, skal Kattavinafélag Reykjavíkur njóta arfsins með sama hætti.“

Nokkur vitni komu fyrir dóminn, og þykir rétt að rekja framburð þeirra í aðalatriðum.

Vitnið Jón Ísberg, fyrrverandi sýslumaður í Húnavatnssýslu, kveðst muna vel eftir frágangi erfðaskrárinnar. Hafi Eggert Guðmundsson komið

til sín og óskað eftir leiðbeiningum við frágang erfðaskrárinnar. Síðar hafi Elísabet komið sjálf með erfðaskrána á sýsluskrifstofuna. Vitnið staðfestir, að Elísabet hafi verið með fullu ráði í það sinn og eins og hún átti að sér. Hafi hann bent henni á, að sér þætti óeðlilegt að láta arf renna til katta, en hún staðið föst á því.

Vitnið segist hafa þekkt Elísabetu eins og aðra íbúa á staðnum, löngu áður en erfðaskráin var gerð. Segir vitnið, að henni mætti lýsa sem gamalli piparmey, sem ekki var alltaf í góðu skapi. Hann kveður hana ekki hafa verið eins og fólk er flest, t. d. hafi hún ekki keypt nein matföng á Blönduósi, heldur einungis fengið sendan mat frá Kaupfélagi Eyfirðinga á Akureyri. Vitnið kveðst ekki vita, hvort hún var með ranghugmyndir, en henni hafi hætt til að taka djúpt í árinni, ef henni mislíkaði eitthvað, og alla tíð verið á móti þeim, sem stjórnðu. Hún hafi oft komið til sín og hann þá leyft henni að masa út um sínar skoðanir. Vitnið kveðst ekki halda, að henni hafi fundist hún ofsótt, hún hafi ekki kvartað undan því. Vitnið segist hafa sagt um hana eins og marga aðra, að hún hafi verið létt-„klikkuð“, en hvort hún hafi átt við geðræn vandamál að stríða, kveðst hann ekki vita, enda sé það allt annar hlutur. Hins vegar kveðst vitnið fullvisst um, að hún hafi verið fær um að tjá vilja sinn.

Vitnið kveður engan vafa hafa leikið á því, að Elísabet hafi vitað, hvað hún var að gera, þegar hún kom með erfðaskrána. Aðspurður segist hann hafa tekið það sem gefinn hlut, að Kattavinafélag Akureyrar væri til og ætti að fá arfinn, en hann hafi ekki kannað það sjálfur. Segir vitnið þau hafa rætt saman, eins og Kattavinafélagið á Akureyri væri til, en hann sagt henni, að sér þætti vitleysa að láta kattavinafélag fá arf. Raunar hafi hann talið, að ekki væri um neinn arf að ræða. Vitnið segist ekki geta sagt til um, hvort hún hafði Kattavinafélag Íslands í huga, en hann hafi bent henni á, hvert arfurinn færi, ef hún gerði ekki erfðaskrá. Raunar kveðst hann hafa dregið úr henni, en jafnframt vitað, að fortölur sínar hefðu engan tilgang. Hann kveðst hafa vitað, að Elísabet hafði yndi af köttum.

Vitnið kveðst hafa haft þann hátt á við staðfestingu erfðaskráa, að hann hafi fært þær inn í notarialbók. Vottar hafi vottað samtímis og hann gert þeim grein fyrir því, að þeir væru að votta, að þetta hefði farið fram. Vitnið segir notarialvottorðið hafa verið staðlað, hann hafi alltaf notað slík vottorð, og með orðinu „allsgáð“ sé átt við, að viðkomandi hafi ekki verið undir áhrifum áfengis. Hann hafi lesið upp alla erfðaskrána og vottorðið fyrir arfleifanda, og síðan hafi vottarnir vottað. Aðspurður kveðst hann ekki geta ákveðið, hvort skynsamlegt var af Elísabetu að gera þennan gerning, en hins vegar hafi ekki komið til greina að óska eftir mati læknis á því, hvort hún hafi verið andlega heil eða ekki.

Vitnið Eggert Egill Guðmundsson kveður arfleifanda hafa hringt til sín og beðið sig að koma þessu á blað. Hann hafi farið til hennar og skrifað skjalið upp eftir henni og látið vélrita það. Seinna hafi hann farið með Elísabetu til þess að láta færa erfðaskrána í notarialbók. Vitnið kveður Elísabetu hafa haft frumkvæði að gerð erfðaskrárinnar. Vitnið kveðst ekki hafa verið í vafa um, að arfleifandi hafi vitað, hvað hún var að gera, þrátt fyrir það að hún hafi verið ákaflega sérstök og viljasterk, Elísabet hafi ekki verið neitt flón og vissi, hvað hún vildi, þó að hún væri ekki skapstillt. Vitnið kveðst hafa talið fram fyrir hana til skatts frá því um 1980, og þegar að því kom ár hvert, hafi hún haft skjölin tilbúin og hann tekið þau og farið með þau. Hann segist ekki hafa neina skýringu á því, hvers vegna innstæðu hennar hjá Kaupfélagi Eyfirðinga var ekki getið í skattframtölum hennar, en sér hafi ekki verið greint frá henni. Vitnið kveðst ekki heldur geta gefið skýringu á því, hvers vegna hún arfleiddi félög, sem ekki voru til. Vitnið kveðst ekki muna eftir neinum umræðum um þetta mál, þó að arfleidslan hafi komið sér á óvart. Vitnið telur þó, að vilji Elísabetar hafi staðið til þess, að kettir fengu arfinn.

Vitnið Kristín Ingibjörg Lárusdóttir kveðst hafa kynnst Elísabetu, er þær unnu saman á sláturhúsinu á Blönduósi í þrjú haust upp úr 1970. Eftir það hafi þær haft mikið samband, og þess vegna hafi hún þekkt hana vel á þeim tíma, sem erfðaskráin var gerð. Þær hafi hringt hvor í aðra, og einnig hafi faðir sinn haft gaman af að fá Elísabetu í heimsókn. Vitnið segir Elísabetu hafa verið greinda, en skapstygga, en fullkomlega meðvitaða um það, sem hún gerði í fjármálum. En þær hafi ekki rætt ákvæði erfðaskrárinnar og hún ekki vitað, hvað átti að gera við arfinn. Elísabet hafi verið sérstök manneskja, skapstór og talað illa um fólk. Hún segir Elísabetu hafa sagt, að kisurnar ættu að fá það, sem hún léti eftir sig, ef eitthvað væri. Aðspurt kveðst vitnið ekki vita til þess, að Elísabet hafi farið til læknis vegna geðsjúkdóma, en hún hafi verið mjög beisk og ýtt fólk frá sér.

Vitnið Katrín Sigríður Guðmundsdóttir segist hafa þekkt Elísabetu, frá því að hún man eftir sér, enda hafi hún verið uppeldissystir föður hennar. Vitnið kveðst ekki hafa vitað um erfðaskrána, fyrr en hún kom í ljós. Vitnið segist alltaf hafa verið í sambandi við Elísabetu og hringt í hana einu sinni til tvisvar í mánuði. Vitnið segir, að Elísabet hafi ekki verið allra og hrint fólk frekar frá sér, og stundum hafi sér fundist eins og Elísabet væri ekki heil á geðmunum. Hún hafi oft verið æst og alltaf kennt öðrum um, ef eitthvað kom fyrir hana. Vitnið metur það svo, að Elísabet hafi ekki vitað, hvað hún gerði í fjármálum, og efast um, að hún hafi getað lesið úr þeim tölum, sem henni áttu að hafa borist á yfirlitum, þrátt fyrir það að hún hafi

verið læs og sæmilega greind. Elísabet hafi alltaf talað um, að hún ætti ekki neitt og alltaf væri verið að rýja sig inn að skinninu, þegar henni bárust einhverjir reikningar. Aðspurð kveðst vitnið ekki vita, hvað vakti fyrir Elísabetu með erfðaskránni, hún hafi aldrei talað við sig um nein kattavinafélög. Vitnið, sem býr á Akureyri, kveðst ekki vita til þess, að kattavinafélag hafi verið til þar. Að sögn vitnisins leitaði Elísabet ekki til læknis vegna geðveiki, og raunar hafi hún hatað héraðssjúkrahúsið á Blönduósi, en af hverju, kveðst hún ekki vita. Um dvöl sína þar hafi Elísabet haft ill orð, – sem dæmi: „að hún færi aldrei á þetta hæli, því að enginn lifði meira en sjö daga þar“. Vitnið kveðst ekki muna, hvenær Elísabet átti síðast kött, en það hafi ekki verið eftir 1984. Vitnið segir Elísabetu hafa þekkt vel til á Akureyri, og að sínu mati hafi allt verið gott þar, en ómögulegt á Blönduósi. Þessu til staðfestingar megi benda á, að hún fékk allan mat sendan frá KEA á Akureyri.

Vitnið Guðrún Pálsdóttir kveðst hafa kynnst arfláta, fyrst þegar hún var fimmtán ára, en hún hafi þá átt heima í næsta húsi við hana. Torfhildur, tengdamóðir sín, hafi umgengist Elísabetu nokkuð og þær hist oft. Sjálfri hafi sér ekki verið mikið um hana gefið; hún hafi verið ákaflega neikvæð og talað mjög illa um fólk, ekki getað unnið með neinum og orðið að vera sér og alltaf verið mjög erfið.

Helsta umræðuefni tengdamóður sinnar og Elísabetar hafi verið kettir þeirra. Á þessum tíma kveðst hún hafa farið í einhverjar sendiferðir á vegum tengdamóður sinnar fyrir Elísabetu. Vitnið kveður Elísabetu hafa átt erfitt, þegar hún missti kött sinn, og hafi hún kennt tengdamóður vitnisins, með samvinnu við æðri máttarvöld, um dauða kattarins. Vitnið kveðst af þeirri ástæðu hafa farið til Elísabetar og sett hnefa í borð og gert henni að biðja tengdamóður sína afsökunar. Það hafi hún gert, og eftir þetta hafi Elísabet raunar treyst sér betur. Þegar þetta gerðist, hafi Torfhildur verið búin að vera án kattar nokkurn tíma. Vitnið segir kattarmissi Elísabetar hafa haft djúpstæð áhrif á hana og engan kött getað komið í stað þess síðasta, sem hún missti. Vitnið segist ekki treysta sér til að segja til um, hvort Elísabet ruglaðist við þetta eða hvort sorg hennar var svo mikil, en sér hafi fundist hún sýna af sér slíka skapgerð, að hún gæti verið geðklofi, og kveðst myndu hafa gert eitthvað í málinu, ef hún hefði verið henni nákominn, en ekki óviðkomandi kona. Aðspurð telur hún, að hún hefði ekki getað vottað, hvort Elísabet væri andlega heil eða ekki, þegar erfðaskráin var gerð, en hvort hún hefði verið geðklofi eða andlega veik eða ekki, verði læknir að ákveða.

Vitnið kveðst ekki hafa vitað neitt um peningamál Elísabetar, en hún

alltaf talað þannig, að hún ætti ekki neitt. Þær hafi aldrei rætt saman um erfðaskrá, en Elísabet sagst vera búin að ganga frá öllu, þegar þær ræddu jarðarför hennar. Hún kveðst sem starfsmaður í Búnaðarbankanum hafa tekið út peninga Elísabetar og farið með þá til hennar og látið hana kvitta fyrir. Þegar hún hafi sagt henni, að þetta væri ekki gott fyrirkomulag, hafi Elísabet sagt, að hún léti alltaf bílstjórann á KEA-bílnum fá peningana og þeir geymi þá fyrir sig.

Vitnið Gestur Þórarinsson kveðst hafa þekkt Elísabetu, frá því að hún settist að á Blönduósi. Síðar, um 1977, hafi hann haft meiri afskipti af henni sem veitustjóri og verkstjóri hjá Blönduósbæ, en bæjarstarfsmenn hafi rétt henni hjálparhönd sem einstæðingi. Eftir að hitaveita var lögð, hefðu þeir reynt að hjálpa henni vegna músagangs, gefið henni músafælu og reynt að þétta húsið; sama megi segja um starfsmenn Trésmiðjunnar Stíganda og enginn gert henni reikning fyrir. Vitnið kveður Elísabetu stundum hafa verið eins og tvær manneskjur og mjög erfitt að átta sig á, hvernig nálgast mátti hana, en segist aðspurt ekki geta dæmt um, hvort hún var andlega vanheil, en mjög hafi verið misjafnt, hvernig hún var í skapi, þegar hann hitti hana. Sem dæmi mætti nefna þann atburð, þegar tengja átti hitaveitu til hennar, að aðveituað hafi bilað og húsi Elísabetar verið sleppt úr að sinni. Hafi þá Elísabet hringt til sín og farið mjög illum orðum um sig, konu sína og börn, þau mættu detta niður dauð og vera skorin. Vitnið kveðst þá hafa farið til hennar mjög reiður og lamið í borðið. Við þetta hafi Elísabet skipt skapi, hlaupið á eftir sér og grátandi beðið sig um að hjálpa sér. Af þessum sökum kveðst vitnið telja, að Elísabet hafi haft í sér tvær manneskjur. Raunar kveðst hann ekki vita, hvort hún meinti eitthvað með þessu, en hin síðari ár hafi verið mun auðveldara að umgangast hana. Vitnið segir Elísabetu hafa fylgst vel með bæjarmálum, en sumir hafi verið tilbúnir andstæðingar hennar, t. d. sjúkrahúsið, sem hún hafi hatað. Vitnið treystir sér ekki til að svara því, hvort hann hefði getað vottað sem erfðaskrárvottur, að hún væri nægilega vel heil andlega til að gera erfðaskrá, en segist alltaf hafa litið á hana sem gamla konu, einstæðing, er þurfti á hjálp að halda, og því hafi hún ekki greitt fyrir hitaveitu, fasteignagjöld eða verið gerðir reikningar vegna þess, sem unnið var fyrir hana.

Vitnið Sigursteinn Guðmundsson læknir kveðst hafa starfað sem læknir á Blönduósi með nokkrum hléum frá 1959. Hann kveðst hafa kynnt sér þau gögn, sem til eru um Elísabetu á sjúkrahúsinu. Þar komi fram, að hún sé öryrki og hafi verið það allengi, einkum vegna meltingarsjúkdóms og ristilsjúkdóms, en einnig komi fram, að hún sé taugaveikluð, án þess að nánar sé greint frá því, í hverju sú veiklun var fólgin. Að hans mati felst í þessu, að

hún hafi ekki verið í almennu andlegu jafnvægi. Vitnið kveður hana hafa verið ákaflega sérlynda, án þess að hann hafi kynnst henni náíð, en hann hafi þó vitað, að hún hafði eitthvað á móti sjúkrahúsinu og kom þangað ekki nema til neydd. Vitnið segir Elísabetu ekki hafa átt marga vini, enda hafi hún haft eitthvað út á flesta að setja. Í sínum huga hafi hún verið haldin þeim sjúkdómi, sem á íslensku er kallaður geðklofi; öll framkoma hennar hafi verið í þá átt, án þess að það hafi verið staðfest af sérfræðingi. Vitnið kveðst vita til þess, að hún átti til að hafa fólk fyrir rangri sök; þannig sakaði hún Torfhildi Þorsteinsdóttur um að hafa drepið kött hennar, sem ekki var rétt. Vitnið segir, að Guðrún Pálsdóttir, sem hafi umgengist Elísabetu allmikið, hafi hringt til sín nokkrum sinnum, vegna þess að gamla konan svaraði ekki, þó að barið væri hjá henni. Hún hafi þá læst að sér, og við hafi legið, að brjótast þyrfti inn til hennar.

Vitnið kveður erfitt að svara því, hvort Elísabet hafi verið fær um að gera erfðaskrá á sínum tíma; hugsun hennar hafi verið öðruvísi en flestra annarra, en hún hafi farið eftir sinni samvisku. Vitnið telur, að best hefði verið, að hún hefði farið til geðlæknis, áður en vottorð um arfleidsluhæfi hennar var gefið út, en hann hafi jafnframt vitað, að hún myndi ófáanleg til þess. Hann segir hins vegar, að hann hefði ekki vottað erfðaskrá hennar, ef til sín hefði verið leitað á sínum tíma. Vitnið telur ástand Elísabetar hafa getað haft áhrif á ákvörðun hennar um arfleidsluna, en hún hefði miðað við efnahag átt að geta séð um sig sjálf, og því megi segja, að hún hafi ekki verið eins og fólk er flest. Hann telur víst, að geðræn vandamál hennar hafi haft mótandi áhrif á ákvörðun hennar. Vitnið telur Elísabetu hafa verið í frekar lokuðum heimi. Hún hafi tekið nærri sér, þegar köttur hennar drapst, og sennilega hafi það fléttast inn í sálarlíf hennar, og kannski þess vegna hafi hún talið peningum sínum best varið í þetta.

III.

Málsástæður og lagarök sóknaraðila.

Sóknaraðili heldur því fram, að enginn vafi leiki á því, að hann skuli taka allan arf samkvæmt ákvæðum 2. gr. nefndrar erfðaskrár. Ljóst sé, að vilji arfleifanda hafi staðið til þess, að hann nyti arfsins. Ónákvæmni við frágang erfðaskrárinnar eigi ekki að koma í veg fyrir, að vilji arfleifanda nái fram að ganga.

Til þess er vísað, að óumdeilt sé, að ekki hafi verið til félag kattavina á Akureyri, þegar erfðaskráin var gerð, og Kattavinafélag Reykjavíkur hafi ekki heldur verið til, raunar hafi þessi félag aldrei verið til. Fyrir liggir, að Elísabet safnaði 3.000 krónum og gaf til styrktar Kattavinafélagi Íslands á

fyrsta starfsári þess 1976, og einnig sendi hún peninga frá öðrum íbúum á Blönduósi. Af þessu má ljóst vera, að hún hafi frá upphafi verið einn af helstu velunnurum félagsins.

Sóknaraðili telur líklegt, að hin ónákvæma skilgreining á arfþegum í 2. gr. erfðaskrárinnar stafi af því, að nafn sóknaraðila hafi almennt verið stytt í „Kattavinafélagið“ í stað Kattavinafélag Íslands, og nægi í því sambandi að benda á skýrslu stjórnar félagsins frá 1976. Af hálfu sóknaraðila er því haldið fram, að arfláti hafi staðið í þeirri villu, að til væri félag kattavina á Akureyri, og hafi hún vegna gamalla tengsla við staðinn viljað, að arfurinn færi þangað. Hins vegar sé augljóst, að tilgreining á Kattavinafélagi Reykjavíkur eigi beint við um sóknaraðila. Sóknaraðili sé eina starfandi kattavinafélag landsins, en starfsemi þess hafi þó tengst Reykjavík og nágrenni. Arfláti hafi því annaðhvort talið, að félagið héti þessu nafni, eða að misritun hefur orðið við frágang erfðaskrárinnar. Við aðstæður sem þessar beri, sbr. 2. mgr. 37. gr. erfðalaga nr. 8/1962, að framkvæma erfðaskrána í samræmi við það, sem vakti fyrir arfleifanda. Af þessum sökum skuli sóknaraðili taka allan arf að teknu tilliti til ákvæða 1. gr. erfðaskrárinnar.

Sóknaraðili mótmælir eindregið, að erfðaskráin sé ekki gild að formi til, og er því haldið fram, að arfleifandi hafi verið bær um að gera erfðaskrána. Erfðaskráin hafi verið gerð fyrir notario publico, sem þá var Jón Ísberg, sýslumaður í Húnavatnssýslu, og færð í notarialbók embættisins með formlegum og lögboðnum hætti 10. september 1982 í samræmi við ákvæði 43., sbr. 42. gr. erfðalaga nr. 8/1962. Með þessu hafi notarius publicus staðfest, að öllum hæfisskilyrðum arfleifanda hafi verið fullnægt. Vottorð sem þetta teljist rétt, nema varnaraðila takist með ótvíræðum hætti að sýna fram á annað, sbr. 46. gr. nefndra erfðalaga, sbr. 71. gr. laga um meðferð einkamála nr. 91/1991. Ekkert bendi heldur til, að arfleifandi hafi ekki verið fullkomlega heil heilsu andlega, þegar hún gekk frá erfðaskránni, og gert sér ljósa grein fyrir eðli gerningsins. Ráðstöfunin hafi verið eðlileg og skynsamleg af hennar hálfu miðað við það, sem henni þótti mikilvægt og skipta máli í lífinu. Hún hafi haft yndi af köttum og sýnt það í verki, m. a. með því að leggja fram peninga til sóknaraðila. Vilji arfleifanda sé skýr: Arfurinn hafi átt að ganga til kattavinafélags, sem er í Reykjavík, að því gefnu, að ekkert slíkt félag sé starfandi á Akureyri. Byggja verði á þeirri grundvallarreglu í íslenskum og alþjóðlegum erfðarétti, að staðreyna skuli, hver hinsti arfleifandi hafi verið.

Um lagarök vísar sóknaraðili til 2. mgr. 37. gr., 43. gr., sbr. 42. gr., og 46. gr. erfðalaga nr. 8/1962, jafnframt til 71. gr. laga um meðferð einkamála nr. 91/1991. Um málskostnað vísar hann til XXI. kafla nefndra einkamálalaga.

Málsástæður og lagarök varnaraðila.

Varnaraðili heldur því fram, að arfleifandi hafi haft ranghugmyndir um menn og málefni og afbrigðilegt ástand hennar verið slíkt, að hún hafi verið andlega vanheil, þegar hún gerði erfðaskrána. Ástand hennar hafi verið sérstaklega slæmt, eftir að hún missti síðasta kött sinn, en dauða hans hafi hún tekið sér mjög nærri.

Varnaraðili reisir kröfur sínar einnig á því, að erfðaskráin sé ógild bæði að efni og formi, og er þess krafist, að ekkert tillit verði tekið til hennar við úthlutun arfs úr búinu. Þannig fullnægi notarialvottorðið ekki skilyrði 43. gr., sbr. 42. gr., og 2. mgr. 34. gr. erfðalaga nr. 8/1962. Í vottorðinu sé ekki tekin bein afstaða til hæfis arfleifanda, eins og ástæða var til. Þá er þess ekki getið, að arfleifandi hafi hvatt arfleiðsluvottana eða notarii til að votta arfleiðslu sína. Í vottorðinu komi fram, að erfðaskráin hafi verið undirrituð í viðurvist notarii, en þess ekki getið, hvort vottarnir hafi verið viðstaddir eða að þeim hafi verið kunnugt um, að þeir voru að vottfesta erfðaskrá. Þá sé þess ekki getið nákvæmlega, hvenær vottunin fór fram. Einnig skorti hina mikilvægu ófrávikjanlegu yfirlýsingu, að arfleifandi hafi verið svo heill heilsu andlega, að hún hafi verið hæf til að gera erfðaskrána á skynsamlegan hátt, en um það þarf notarius að vera sannfærður og það að koma skýrt fram. Arfleiðsluvottorðið sé ekki fortakslaust, hvað þetta varðar, eins og vera ber. Orðalag þess sé óvenjulegt og ekki í samræmi við góða venju. Í því sé fyrirvari, hvað varðar hæfi arfleifanda, sbr. orðalagið „að því er best verður séð“, en það bendi til þess, að vafi hafi leikið á um arfleiðsluhæfið, sem notario hafi raunar verið kunnugt um, og gæti haft áhrif við mat á gildi erfðaskrárinnar, sbr. 2. mgr. 42. gr. erfðalaga. Varnaraðili heldur því fram, að svo mikill vafi hafi leikið á um hæfi arfleifanda, að nauðsynlegt hafi verið að leita til læknis eða aflu vottorðs sérfræðings vegna hugsanlegrar geðveiki, andlegs vanþroska eða annarrar skammvinnrar truflunar. Persónuleiki arfleifanda hafi verið með þeim hætti, að notarius hafi ekki verið fær um að meta arfleifanda líkamlega og andlega hæfan til að gera erfðaskrána á skynsamlegan hátt, er hún undirritaði hana. Þá sé þess ekki getið í arfleiðsluvottorði, að arfleifandi hafi undirritað skrána án allra þvingana eða utanaðkomandi áhrifavalda, af fúsum og frjálsum vilja og að erfðaskráin hafi að geyma hinsta vilja hennar. Notarius virðist ekki hafa lesið skrána fyrir arfleifanda eða gengið úr skugga um, að hún væri viss um tilvist nefndra arfþega, tilgang þeirra eða markmið og rétta tilgreiningu. Þá sé ekki til eintak af erfðaskránni, undirritað af arfleifanda með árituðu notarialvottorði. Af þessum sökum heldur varnaraðili því fram, að notarialvottorðið hafi ekki sönnunargildi, sbr. 1. mgr. 46. gr. erfðalaga, og því beri

að dæma erfðaskrána ógilda eða óvirka. Sóknaraðili, sem reisir rétt sinn á erfðaskránni, verði að bera sönnunarbyrðina fyrir því, sem ófullnægjandi er. Sóknaraðili verði því að færa sönnur á, að annmarkar þeir, sem notarial-vottorð á að sanna, að ekki sé um að ræða, komi ekki til greina.

Verði ekki á þetta fallist, heldur varnaraðili því fram, að hann hafi sann- að, að andleg heilsa arfláta hafi verið með þeim hætti, að hún hafi ekki get- að gert erfðaskrá með skynsamlegum hætti eða a. m. k. gert nægilega sennilegt, að svo hafi verið.

Erfðaskráin tiltaki ekki, hvernig fjármununum skuli varið, en einungis kveðið svo á, að stofnaður skuli sjóður til minningar um systur arfláta og allra kattanna þeirra. Af þessu verði ráðið, að arfleifandi hafi ekki komist að yfirvegðri sjálfstæðri niðurstöðu um, hvernig fjármununum skyldi var- ið. Því sé ljóst, að arfleifandi hafi ekki á rökbundinn hátt vegið eða metið ráðstöfunarkosti sína þannig, að leiddi til skynsamlegrar niðurstöðu um skýrt markmið með arfleifðslunni. Efni erfðaskrárinnar sé óskynsamlegt og óeðlilegt miðað við allar aðstæður, og andlegir hagir arfleifanda hafi ráðið niðurstöðunni. Efnislega sé erfðaskráin tortryggileg og víki gersamlega frá því, sem vænta mátti, og bendi það enn frekar til sjúkleika arfleifanda.

Varnaraðili heldur því fram, að arfleifanda hafi ekki verið ljóst, hversu miklar eignir hennar voru eða kynnu að verða við andlát hennar. Ekkert hafi komið fram utan erfðaskrárinnar, sem bendi til, að arfláti hafi viljað ráðstafa svo miklum fjármunum til sóknaraðila. Í því sambandi er einkum vísað í tilgreiningu hennar á kattavinafélögunum í erfðaskránni, en hvorugt þeirra hefur verið til. Virðist því augljóst, að arfleifandi þekkti ekki til til- gangs og markmiða þessara félaga, hvað þá til sóknaraðila, sem ekki er get- ið í erfðaskránni. Liggur því ekki fyrir, hver arfleifðsluviljinn var, og for- sendur fyrir arfleifðslunni annaðhvort brostið eða reynst rangar.

Varnaraðili heldur því einnig fram, að vegna óskýrleika erfðaskrárinnar verði að meta hana ógilda. Í erfðaskránni séu einungis tilgreind tvö stað- bundin félög kattavina. Með þessari tilgreiningu sé um tæmandi talningu að ræða, og geti önnur félög ekki komið í stað þeirra. Ekki verði fullyrt neitt um vilja arfleifanda, hvað önnur félög varðar. Gildandi reglur um skýringar eða fyllingar á erfðaskrárni leiða ekki til þess, að sóknaraðili komi í stað þeirra félaga, sem þar eru nefnd. Hafi verið um misritun að ræða, verði ekkert fullyrt, hvað átti að koma í staðinn, og verði því að horfa fram hjá erfðaskránni. Til að meta hana gilda hefði orðið að tilgreina eitthvert ann- að félag sem arfþega, ef þeirra, sem getið er, nyti ekki við. Sem dæmi megi nefna, að félag kattavina hefur aldrei verið til á Blönduósi fremur en á Akureyri. Gera má ráð fyrir því sem vísu, að arfleifandi vildi ekki láta arf-

inn renna til félags á Blönduósi eða annars staðar á landinu utan Akureyrar og Reykjavíkur. Af þessum sökum hefðu kattavinafélög kennd við einhvern kaupstað, eitt eða fleiri, ekki getað komið til greina sem arfbægar samkvæmt erfðaskránni, ef þau hefðu verið til, og hið sama eigi við um sóknaraðila.

Af hálfu varnaraðila er því einnig haldið fram, að arfleidsluákvæðanir manna eigi sér aðdraganda og sálraent baksvið, t. d. til hugmynda arfleifanda um hlutverk og starfsemi stofnana og félaga og einnig til efnahags hans sjálfs. Í þessu tilvikum sé að finna brotalöm, sem samkvæmt ákvæðum 38. gr. erfðalaga leiði til þess, að meta beri arfleidsluna ógilda, enda séu orsakatengsl milli ranghugmynda arfleifanda og arfleidslunnar. Forsendur arfleifanda hafi reynst rangar eða brostið í veigamiklum atriðum, þegar virt er það, sem vitað er um viðhorf hennar, skoðanir, sérkenni og persónuleika og virðingu hennar fyrir lífi og velferð katta.

Varnaraðili bendir einnig á, að mikið hafi breyst í starfsemi sóknaraðila, frá því að erfðaskráin var gerð. Á þeim tíma hafi allt starf verið unnið í sjálfboðavinnu og heimili formanns og stofnanda félagsins verið starfsstöð þess. Árið 1983 var hins vegar ráðist í byggingu húss í Reykjavík, sem nefnt hefur verið Kattholt. Með þessu hefur félagið færst miklu meira í fang en arfleifandi hefur ætlað eða séð fyrir, er hún gerði erfðaskrána. Í húsinu er að finna aðstöðu til móttöku og geymslu katta, en einnig tvær íbúðir fyrir starfsmenn, sem arfleifandi gat ekki búist við, að félagið myndi kosta og um leið koma félaginu í verulegan fjárhagsvanda. Kattholt hafi verið opnað árið 1991, og bera veðbækur með sér verulega skuldabyrði vegna byggingarinnar. Í afmælisriti félagsins frá árinu 1996 kemur einnig fram, að rekstur þess hafi verið fjárhagslega erfiður. Nú sé svo komið, að félagið vanti 600.000 krónur ár hvert til að halda starfseminni gangandi. Arfleifandi hafi ekki getað séð þessa þróun fyrir, og þar með séu forsendur fyrir arfleidslunni brostnar, enda hafi arfleifandi, þegar erfðaskráin var gerð fyrir fimm-tán árum, verið að styðja við starf sjálfboðaliða, sem unnu að markmiðum félagsins samkvæmt samþykktum þess, en nú sé starfsemin langt umfram þann tilgang. Einnig beri að horfa til tilgangs félagsins, eins og hann kemur fram í 2. gr., sbr. 2. mgr. 11. gr., samþykkt þess, og hins vegar til þess, sem í raun er framkvæmt. Í ársskýrslu félagsins árið 1976 kemur fram, að félagið stóð að aflifun jafnmargra katta og því tókst að koma til skila til rétttra eigenda eða á ný heimili. Einnig er í skýrslunni tekið fram, að „Ásmundur Reykdal hafi lógað 670 köttum“. Varnaraðili telur það ekki samrýmast hugmyndum arfleifanda um starfsemi félagsins að aflífa ketti í stórum stíl, og þar með hafi forsendur fyrir arfleidslunni brostið. Í orðinu kattavinur felist,

að ætlunin sé að vernda ketti, veita þeim húsaskjól og gott atlæti. Arfleifandi hefði aldrei viljað, að fjármunir hennar væru notaðir til að aflífa ketti, enda hafi helsta ástæða erfðaskrárinnar verið, að köttur arfleifanda var að hennar áliti drepinn af mannavöldum. Þessi villa arfleifanda valdi ógildi erfðaskrárinnar.

Varnaraðili reisir kröfur sínar enn fremur á því, að sóknaraðili sé ekki félag, sem vinni að mannúðar-, líknar-, menningar- eða félagsmálum. Um sé að ræða félag kattaeigenda, sem starfi í þeirra þágu og hafi með höndum umfangsmikinn rekstur. Sóknaraðili verði því að greiða erfðafjárskatt af hugsanlegum arfi. Samkvæmt almennum viðhorfum við skýringu erfðaskráa gildi sú venjuhelgaða regla, að arfleifandi vilji síst af öllu, að fjármunir hans renni til ríkissjóðs að miklu leyti, en sú yrði raunin, ef sóknaraðili fengi arfinn. Þá komi fram í ársreikningum sóknaraðila fyrir árið 1996, að ekki hafi verið tekið tillit til skuldar við formann sóknaraðila, að fjárhæð 1.400.000 krónur, vegna vinnuframlags hennar á fyrri árum. Af þessum sökum heldur varnaraðili því fram, að sóknaraðili sé ekki áhugamannafélag og augljóst, að arfleifandi hefði ekki hagað arfleiðslunni í þágu sóknaraðila, hefði hann vitað eða vænst þess, að fjármunirnir rynnu til formanns félagsins eða yrði ráðstafað með öðrum álíka hætti í persónulega þágu aðstandenda sóknaraðila.

Varnaraðili heldur því fram, að ógilda verði erfðaskrána, enda sé ógerlegt að leiðrétta hana eða útskýra með öruggri vissu um, hvað raunverulega vakti fyrir arfleifanda um það mikilvæga atriði, hver skyldi vera arfþegi. Erfðaskráin sjálf bendi ekki til, að sóknaraðili hafi átt að taka arfinn, og því sé óheimilt að skýra hana leiðréttri skýringu í þá veru.

Til vara heldur varnaraðili því fram, að hann skuli njóta arfs á grundvelli aukningarréttar. Samkvæmt skattframtölum arfleifanda frá 1982 til 1996 komi fram, að arfleifandi naut engra annarra tekna en lífeyris. Þá átti hún ekki aðrar eignir en fasteignina Hvannatún. Samkvæmt yfirlitum innlánsdeildar Kaupfélags Eyfirðinga átti arfleifandi tvo reikninga þar árið 1982. Í ársbyrjun 1982 átti hún þar samtals 196.857,33 krónur, en í árslok 357.224,84 krónur, þar af innlegg 7. apríl 16.600 krónur og 28. október 20.000 krónur. Hinn 21. desember 1984 var stofnaður einn reikningur á nafni arfleifanda og innstæður hennar sameinaðar, og námu þær þá að meðtöldum vöxtum 927.044,92 krónum. Þegar heildarinn eign arfleifanda er greidd skiptastjóra seint á árinu 1996, nemur hún alls 13.466.470 krónum. Þar af voru innlegg á reikningana eftir gerð erfðaskrárinnar 10. september 1982 samtals 5.691.700 krónur. Þegar erfðaskráin var gerð, var innstæðan 213.457 krónur. Samkvæmt þessu nam innstæðan við gerð erfðaskrárinnar 3,6% af þeirri fjár-

hæð, sem lögð var inn eftir gerð hennar, en innleggin 96,4%. Þegar reikningi arfleifanda var lokað og innstæðan greidd skiptastjóra, 13.466.470 krónur, voru vextir og verðbætur því samtals 7.561.313 krónur. Í sömu hlutföllum og að framan verður innstæða við gerð erfðaskrárinnar með vöxtum og verðbótum samtals 485.664 krónur, og er þess krafist, að þessi fjárhæð verði arfshlutur sóknaraðila, en annar arfur renni til varnaraðila.

Varnaraðili mótmælir sérstaklega nokkrum atriðum í greinargerð sóknaraðila. Þar sé því haldið fram, að sóknaraðili sé eina starfandi félag kattavina á Íslandi. Því er mótmælt sem ósönnuðu og óskýrðri þýðingu eða merkingu þess orðs. Annað félag sé nú starfandi og geti vel fallið undir þessa skilgreiningu, en það sé Kattaræktarfélag Íslands, öðru nafni Kynjakettir. Ekki verði efast um, að félagar í því séu hliðhollir köttum og kattavinir.

Í greinargerðinni sé ranglega sagt, að lóð undir Kattholt hafi verið úthlutað í september 1980. Það hafi samkvæmt ályktun borgarráðs verið gert 28. september 1982.

Því er mótmælt, að arfleifandi hafi sýnt sóknaraðila sérstaka gjafmildi, hlýhug eða stuðning með eigin fjárframlögum eða annarra og þar með verið einn af helstu velunnurum félagsins. Peningaupphæðir þær, sem sóknaraðili vísar til í þessu sambandi, voru óverulegar miðað við margar aðrar gjafir, sem sóknaraðila bárust á sama tímabili.

Þá er því mótmælt, að nafn sóknaraðila hafi á einhvern hátt tengst svo nafni Reykjavíkur, að mistök, mistúlkun, misskilningur, röng trú eða misritun valdi því, að í erfðaskránni standi Kattavinafélag Reykjavíkur í stað nafns sóknaraðila. Þeirri skýringu er hafnað, að misskilningurinn stafi af því, að nafn sóknaraðila hafi almennt verið stytt í Kattavinafélagið. Í erfðaskránni séu tilgreind tvö félög kattavina, og sú talning hennar sé tæmandi. Réttur og raunverulegur arfleiðsluvilji arfleifanda til að arfleiða sóknaraðila sé ekki sannaður, en fyrir því beri sóknaraðili sönnunarbyrði að öllu leyti.

Enn er því mótmælt, að notarius hafi vottað erfðaskrána með fullnægjandi hætti samkvæmt fyrirmælum 43. gr., sbr. 42. gr., og 2. mgr. 34. gr. erfðalaga, og þeirri fullyrðingu sóknaraðila, að arfleifanda hafi ekki skort hæfi til arfleiðslunnar. Þá er því mótmælt, að vottorðið hafi sönnunargildi opinbers skjals.

Loks er því mótmælt, að arfleiðslan teljist skynsamleg eða eðlileg með tilliti til lífsviðhorfa arfleifanda. Sóknaraðili hafi ekki heldur sýnt fram á, að arfleifandi hafi haft yndi af köttum og sýnt það í verki með því að leggja fram peninga til sóknaraðila. Því er harðlega mótmælt, að hinsti vilji arfleif-

anda hafi verið skýr og arfurinn átt að ganga til kattavinafélags í Reykjavík. Miklu heldur sé viljinn svo óskýr, að hann verði ekki sannreindur með óyggjandi hætti.

Um lagarök vísar varnaraðili til 2. mgr. 34. gr., 37. gr., 38. gr., 42. gr., 34. gr., 45. gr. og 46. gr. erfðalaga nr. 8/1962 og almennra lögskýringarviðhorfa um erfðaskrár. Kröfu um málskostnað reisir varnaraðili á 1. mgr. 130. gr., sbr. 3. mgr. 129. gr. laga um meðferð einkamála nr. 91/1991.

IV.

Niðurstaða.

Þar sem ekki liggja fyrir neinar læknisfræðilegar rannsóknir á andlegri heilsu arfleifanda, sem lækna ráð gæti stuðst við, er það mat dómsins, að ekki sé ástæða til að fá umsögn ráðsins í þeim tilgangi að reyna að skera úr um arfleiðsluhæfi hennar. Í þessu sambandi vísast til framburðar Sigursteins Guðmundssonar læknis, sem bar fyrir dóminum, að í skýrslum sjúkrahússins á Blönduósi kæmi fram, að Elísabet hefði verið taugaveikluð, en annað segi ekki um andlega heilsu hennar.

Af hálfu varnaraðila er því haldið fram, að arfleifandi hafi sökum andlegra annmarka ekki verið fær um að ráðstafa eignum sínum með erfðaskrá. Af framburði vitna, sem að framan er rakinn, má sjá, að arfleifandi hefur verið sérstakur persónuleiki. Sveitungar hennar töldu hana fátækling, enda bentu lifnaðarhættir hennar til þess, – hún var skapstyggt og talaði illa um flesta, og margt fleira í þessum dúr. Því má fullyrða, að hún var ekki eins og fólk er flest. Hins vegar hefur ekkert komið fram, sem bendir til, að hún hafi verið svo andlega vanheil, að hana hafi skort arfleiðsluhæfi af þeim sökum, en fyrir þessu verður varnaraðili að bera sönnunarbyrði.

Fallast má á með varnaraðila, að vottun notarii við gerð erfðaskrárinnar hafi ekki verið úr garði gerð, eins og ætlast megi til af slíkum vottorðum. Fyrir dóminum bar Jón Ísberg, þáverandi sýslumaður, að hann hefði jafnan haft þann hátt á, ef óskað var staðfestingar á erfðaskrá, að hann hafi fært þær inn í notarialbókina. Af endurriti úr notarialbókinni má sjá, áður en erfðaskráin er færð þar inn, hvar og hvenær erfðaskráin var færð inn, og einnig, að það sé gert eftir beiðni Elísabetar Lárusdóttur, Hvannatúni, Blönduósi, en undirskrift hennar er á erfðaskránni. Fyrir aftan erfðaskrána kemur síðan arfleiðsluvottorðið. Þegar vottorðið og forskrift sú, sem að framan er rakin, eru skoðuð í heild svo og vætti Jóns Ísberg fyrir dóminum, er augljóst, að erfðaskrá þessi stafar frá Elísabetu og hefur að geyma hinsta vilja hennar og að hún var gerð án þvingana, sbr. orðin „að beiðni Elísabetar Lárusdóttur“. Í þessu tilliti ber einnig að horfa til framburðar vitnis-

ins Eggerts Guðmundssonar, sem kvað Elísabetu hafa lesið skrána fyrir sig, en hann síðan séð um að láta vélrita hana upp og síðan lesið skjalið fyrir hana. Með vísan til þess, sem að framan er rakið, verður skjalið talið gild erfðaskrá, þrátt fyrir það að ekki hafi verið gætt ströngustu formskilyrða um vottorð notarii.

Í málinu er ekki um það deilt, að kattavinafélög þau, sem nefnd eru í 2. gr. erfðaskrárinnar, eru ekki til nú og hafa ekki verið til, svo að vitað sé. Sóknaraðili heldur því fram, að vilji arfleifanda hafi verið skýr og hann skuli teljast arfþegi í stað Kattavinafélags Reykjavíkur. Hér sem endranær verður að reyna að staðreyna vilja arfláta og skýra erfðaskrána eins og kostur er í samræmi við hann, sbr. 37. gr. erfðalaga. Í erfðaskránni er tæmandi talning á arfþegum, og því reynir á, hvort sóknaraðili geti komið í stað Kattavinafélags Reykjavíkur, sem í erfðaskránni er haft til vara fyrir Kattavinafélag Akureyrar.

Vitnið Jón Ísberg kvaðst við innfærslu erfðaskrárinnar ekki hafa gengið úr skugga um, að hin tilgreindu félög væru til eða hvaða hugmyndir arfláti gerði sér um þau. Undir rekstri málsins hefur ekkert komið fram, sem varp- að geti ljósi á tilvist þessara ákvæða erfðaskrárinnar.

Hér verður að skera úr, hvort arfláti hafi vitað um tilvist sóknaraðila eða hvort hún ætlaði sóknaraðila arfinn, ef Kattavinafélagið, Akureyri, yrði lagt niður. Sóknaraðili ber sönnunarbyrði fyrir því, að hann skuli koma í stað Kattavinafélags Reykjavíkur, og gera verður nokkuð ríkar kröfur til hans í því efni, þar sem hans er ekki getið í erfðaskránni.

Sóknaraðili er eina félagið á Íslandi, sem kennir sig við kattavini. Þó er til félag kattaráttenda, sem ætla má, að beri hag katta fyrir brjósti, en þeir lýstu ekki kröfu í búið. Fallast má á með sóknaraðila, að algengt sé, að nafn hans sé stytt og sé átt við hann, þegar einungis er talað um „Kattavinafélagið“. Hins vegar er ekki að sjá, að það hafi verið kennt við Reykjavík. Þrátt fyrir það að fullyrða megi, að arfleifanda hafi verið umhugað um velferð katta og hún hafi sýnt það með gerð erfðaskrárinnar, verður ekki fullyrt, að sóknaraðili skuli taka arf samkvæmt ákvæðum 2. gr. erfðaskrárinnar eingöngu á grundvelli nafnsins. Við skýringu á erfðaskránni verður að horfa til þess tíma, er hún var gerð. Á þeim árum var starfsemi sóknaraðila miklu minni að umfangi en nú og allt starf unnið í sjálfboðavinnu. Af gögnum málsins má þó sjá, að þá þegar var hafinn undirbúningur að byggingu hús- næðis fyrir félagið. Fyrir liggur, að arfláti sendi Kattavinafélagi Íslands pen- inga, á fyrsta starfsári þess 1976, þótt ekki væru þeir verulegir, og virðist því sem hún hafi vitað um tilvist þess félags. Engar gjafir gaf hún félaginu eftir þetta, þrátt fyrir það að það stæði í stórframkvæmdum og skorti fé til að halda áfram.

Það er mat dómsins, að sóknaraðila hafi ekki tekist að sýna fram á, að skýra beri 2. gr. nefndrar erfðaskrár þannig, að hann skuli taka arf samkvæmt henni, og verður krafa hans því ekki tekin til greina.

Með hliðsjón af málavöxtum þykir rétt, að málskostnaður á milli aðila falli niður, en allur gjafsóknarkostnaður varnaraðila, þar með talin þóknun lögmanns hans, Hlöðvers Kjartanssonar héraðsdómslögmanns, 500.000 krónur auk virðisaukaskatts, greiðist úr ríkissjóði.

Halldór Halldórsson héraðsdómari kveður upp úrskurð þennan. Uppkvaðning úrskurðarins hefur dregist vegna anna dómarans.

Ú r s k u r ð a r o r ð:

Kröfu sóknaraðila, Kattavinafélags Íslands, um, að hann skuli taka allan arf samkvæmt ákvæðum 2. gr. erfðaskrár Elísabetar Lárusdóttur frá 10. september 1982, er hafnað og tekin til greina krafa varnaraðila þess efnis, að 2. gr. erfðaskrárinnar skuli vera ógild við skipti á dánarbúi hennar.

Málskostnaður milli aðila fellur niður, en allur gjafsóknarkostnaður varnaraðila, þar með talin þóknun lögmanns hans, Hlöðvers Kjartanssonar héraðsdómslögmanns, 500.000 krónur auk virðisaukaskatts, greiðist úr ríkissjóði.
